


Legnám með kviðsjá

Upplýsingarit



ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
KVENLÆKNINGADEILD 21A
NÓVEMBER 2006 - 1. ÚTGÁFA

HÖFUNDAR OG ÁBYRGÐARMENN:

HRUND MAGNÚSDÓTTIR, HJÚKRUNARFRÆÐINGUR
HARPA HILMARSDÓTTIR, HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

YFIRLESTUR:

JÓN ÍVAR EINARSSONI, KVENSJÚKDÓMALÆKNIR,
AUÐUR SMITH, KVENSJÚKDÓMALÆKNIR OG
HANNA KRISTÍN GUÐJÓNSDÓTTIR, HJÚKRUNARDEILDARSTJÓRI

HÖNNUN: KYNNINGARMÁL LSH/AV

LJÓSMYND: KYNNINGARMÁL LSH/AV
Gólfþvottur 1950 - Ásmundur Sveinsson

Legnám með kviðsjá

Upplýsingar fyrir sjúklinga

Þær upplýsingar sem hér fara á eftir eru ætlaðar konum sem þurfa að fara í legnámsaðgerð með kviðsjá á kvenlækningadeild 21A á Landspítala - háskólasjúkrahúsi.

Helstu ástæður þess að taka verður leg eru góðkynja sjúkdómar í legi, svo sem óreglulegar og miklar blæðingar, legsig eða góðkynja vefjahnútar í legi (fer þó eftir stærð hnútanna).

Við viljum að þér líði eins vel á sjúkrahúsinu og nokkur kostur er. Ef spurningar vakna hjá þér eða þú hefur áhyggjur af líðan þinni erum við alltaf tilbúin að reyna að greiða úr því eins og hægt er.

Með ósk um góðan bata!
Starfsfólk kvenlækningadeildar

Landspítali - háskólasjúkrahús

Skiptiborð - sólarhringsþjónusta 543 1000

Kvenlækningadeild 21A 543 3263 og 543 3264

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli skal vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundnir þagnarskyldu og mega því ekki ræða við þig eða aðra um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga á deildinni.

Landsspítali er kennslusjúkrahús og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á sjúkrahúsinu. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Undirbúningur fyrir aðgerð er mjög mikilvægur. Starfsfólk deildarinnar fær hjá þér nauðsynlegar upplýsingar til að meta heilsufar þitt og undirbúa dvöl þína á deildinni.

Þú þarft að mæta í innritun að morgni daginn fyrir aðgerð.

Viðtal við lækni

Læknirinn fær hjá þér upplýsingar um heilsufarssögu þína og skráir. Hann útskýrir fyrirhugaða aðgerð og hverju þú getur átt von á. Þú þarft að undirrita upplýst samþykki fyrir aðgerð, hafi það ekki verið gert áður. Teknar eru blóðprufur og læknir metur hvort þörf er á frekari rannsóknnum fyrir aðgerðina.

Viðtal við hjúkrunarfræðing

Hjúkrunarfræðingur ræðir við þig og skipuleggur hjúkrun sem stuðlar að sem bestri líðan þinni. Þú færð líka fræðslu um undirbúning fyrir aðgerð og við hverju þú mátt búast í tengslum við hana. Heimferð þín eftir aðgerð er einnig undirbúin með tilliti til þarfa þinna og aðstæðna.

Viðtal við svæfingalækni

Svæfingalæknir ákveður í samráði við þig hvernig best verður staðið að svæfingunni. Ræddu við hann um fyrri reynslu þína af svæfingum.

Kvöldið fyrir aðgerð

- Blóðþýnningarlyf er gefið undir húð til að fyrirbyggja blóðtappa-myndun. Það er gefið milli kl. 17 og 18 kvöldið fyrir aðgerð og í sumum tilfellum einnig næstu tvö kvöld.
- Milli kl. 19 og 20 þarftu að nota hægðalosandi upplausn til að hreinsa neðsta hluta þarmanna. Gott er að forðast þunga máltíð daginn fyrir aðgerð.

- Þú þarft að fara í sturtu kvöldið fyrir aðgerð eða að morgni aðgerðardags. Mikilvægt er að þvo aðgerðarsvæðið vel og hreinsa naflann.
- Þú skalt fjarlægja naglalakk og andlitsfarða og ekki nota krem, olíur eða önnur ilmefni á líkamann fyrir aðgerð.
- Best er að skilja skartgrip og önnur verðmæti eftir heima.
- Þú þarft að vera fastandi á mat og drykk frá miðnætti kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má reykja eftir miðnætti vegna aukinnar hættu á fylgikvillum við svæfingu.

Aðgerðardagur

Þú mætir á kvenlækningadeild 21A í kvennadeildahúsinu kl. 7:15 - 7:30. Stuttu fyrir aðgerðina færð þú lyf sem hjálpar þér að slaka á og naflinn er hreinsaður með sótthreinsandi efni. Þér er ekið í rúminu á skurðstofuna rétt fyrir aðgerð og þar tekur starfsfólk skurðeildar á móti þér.

Aðgerðin

Aðgerðin er gerð í svæfingu og tekur 1 - 2 klst. Í byrjun aðgerðar er gerður lítill skurður í naflann og síðan er kviðarholið fyllt með lofti. Loftið lyftir kviðveggnum frá görnum og öðrum líffærum og minnkar þannig líkur á áverkum í aðgerðinni. Sett er inn örsma myndavél í gegnum naflann og yfirleitt eru gerðir þrír litlir skurðir rétt fyrir ofan lífbeinið. Skurðlæknirinn og aðstoðarfólk horfa síðan á aðgerðina á sjónvarpsskjá og eru sérhæfð áhöld sett í gegnum götin til að losa legið og e.t.v. eggjastokkana til að geta fjarlægt þessi líffæri.

Tvær meginaðferðir eru notaðar við aðgerðirnar. Annars vegar er leghálsinn skilinn eftir og er legið þá fjarlægt í litlum bútum í gegnum götin á kvið-

um. Hins vegar eru bæði leghálsinn og legið fjarlægð og dregin út í gegnum leggöngin. Þú skalt ræða við lækinn þinn um það hvor leiðin verður farin. Við lok aðgerðarinnar eru settir saumar í leggangatoppinn og/eða leghálsinn. Síðan er loftinu hleypt aftur út og skurðsárin saumuð með saumum sem eyðast á nokkrum vikum.

Áhætta við kviðspeglun er lítil. Þó fylgir henni aukin áhætta hjá einstaklingum sem hafa áður farið í kviðskurð, eru með samgróninga í kviði eða hafa fengið sýkingu eða æxli í kvið. Áhættan er einkum fólgin í áverkum á garnir, æðar, þvagleiðara og þvagblöðru. Oftast sjást þessir áverkar í aðgerðinni og eru lagaðir meðan á henni stendur.

Eftir aðgerð

Þú verður flutt á vöknun og jafnar þig þar eftir aðgerðina og svæfinguna. Þar ertu í nokkra klukkutíma í umsjá hjúkrunarfræðings áður en þú ert flutt aftur á kvennadeildina.

Næring

Þú verður fastandi með vökva í æð fyrst eftir aðgerðina. Ef þú finnur fyrir ógleði eftir svæfinguna færðu lyf við því eftir þörfum. Mikilvægt er að láta hjúkrunarfólk vita af líðan þinni. Ef engin ógleði hrjáir þig færðu létt fæði strax að kvöldi aðgerðardags eða morguninn eftir.

Þvagleggur

Í aðgerðinni er settur upp hjá þér þvagleggur og hann er tekinn daginn eftir eða í samráði við lækni. Þetta er gert til að fylgjast með þvagútskilnaði fyrst eftir aðgerð og svo er það líka þægilegra fyrir þig.

Særindi í hálsi

Þú getur þurft að fá súrefni í nös meðan þú ert að jafna þig eftir svæfinguna. Í aðgerðinni er kokrenna sett niður í hálsinn til að halda öndunarveginum opnum. Þess vegna finnur þú kannski fyrir særindum í hálsi eða hálsbólgu-einkennum fyrstu tvo dagana.

Verkir

Þú færð verkjalyf til að minnka verki og auðvelda þér að hreyfa þig. Þú getur fundið fyrir verkjum í kvið og óþægindum upp í axlir. Verkir í öxlum koma vegna lofts sem eftir verður í kviðarholi eftir aðgerðina. Þú finnur kannski fyrir eymslum í naflanum og í skurðsárnum á kvið. Verkjalyf eru gefin eftir þörfum hvers og eins. Mikilvægt er að láta hjúkrunarfræðing vita um líðan þína svo hægt sé að meðhöndla verkina um leið og þess þarf.

Við mat á verkjum er notast við verkjaskala frá 0 - 10, þar sem enginn verkur er 0 en mesti hugsanlegi verkur 10.

Enginn verkur	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	Gæti ekki verið verri
	Vægur			Talsverður			Mikill		Mjög mikill			

Blæðing frá leggöngum

Búast má við blæðingum frá leggöngum fyrst eftir aðgerð og mun hjúkrunarfræðingur fylgja með blæðingunni.

Hreyfing

Strax að kvöldi aðgerðardags færð þú aðstoð við að fara fram úr rúminu. Mikilvægt er að gera öndunar- og fótæfingar fyrsta sólarhringinn. Öndunaræfingar hjálpa til við að losa slím úr lungum og fótæfingar auka blóðstreymi í fótum og draga úr hættu á blóðtappamyndun.

Skurðsár

Hjúkrunarfræðingur fylgist með skurðsárnum og blæðingu frá þeim. Umbúðir eru hafðar yfir skurðsárnum fyrsta sólarhringinn. Þú mátt fara í sturtu daginn eftir aðgerð, en það fer þó eftir líðan þinni.

Útskrift

Þú mátt búast við að geta útskrifast af deildinni 1 - 3 dögum eftir aðgerð eða í samráði við lækni. Hjúkrunarfræðingur mun gefa þér upplýsingar og leiðbeiningar um heimferð.

Verkir

Eftir útskrift gætir þú þurft að taka verkjalyf fyrstu dagana. Oft hjálpar að taka inn bólgueyðandi lyf, svo sem Íbúfen, eftir aðgerðina. Þú skalt þó forðast að taka bólgueyðandi lyf ef þú hefur áður fengið magabólgur eða magasár. Láttu lækni eða hjúkrunarfræðing vita ef svo er.

Skurðsár

Yfir skurðsárunum eru litlir plástrar (steristripp) sem hafðir eru þar til þeir fara að losna. Ef litlu plástrarnir eru ekki dottnir af eftir 3 - 4 daga, er gott að fjarlægja þá þegar þú ferð í sturtu. Eingöngu eru notaðir saumar sem eyðast. Það getur tekið nokkrar vikur fyrir þessa sauma að eyðast upp að fullu. Saumar geta staðið örlítið út úr skurðsári og ef það ertir húðina má klippa þá aðeins til, eða koma á deildina þar sem þeir eru snyrtir.

Vinna og hreyfing

Ráðlögð hvíld frá vinnu eru 2 - 4 vikur. Allt fer þetta þó eftir aldri, líkamlegri og andlegri líðan og því hvernig vinnu þú stundar. Þú skalt ekki lyfta þungu (yfir 5 kg) fyrstu vikurnar eftir aðgerð. Einnig skaltu forðast mikla áreynslu svo sem leikfimi, sund, og erfið heimilisstörf í 3 - 4 vikur eftir aðgerðina. Óhætt er að fara í léttar gönguferðir mun fyrir. Hafðu í huga að hvíld er jafn mikilvæg og hreyfing.

Blæðing og kynlíf

Blæðing frá leggöngum er einstaklingsbundin og getur staðið yfir í 2 - 3 vikur. Blæðingin er yfirleitt frekar væg (minni en venjuleg tíðablæðing). Saumarnir sem eru í leggangatoppnum eyðast um 3 - 5 vikum eftir aðgerð og má þá búast við brúnleitri útferð. Ef útferðin er illa lyktandi (fiskilykt) skaltu hafa samband við deildina. Mikilvægt er að viðhafa gott hreinlæti og fara eingöngu í sturtu en ekki bað fyrstu vikurnar. Æskilegt er að nota bindi en ekki túrtappa.

Óhætt er að hafa samfarir 4 - 6 vikum eftir aðgerð. Það fer þó allt eftir líðan þinni.

Hægðir

Þú getur fundið fyrir hægðatregðu eftir aðgerðina. Það tengist oftast því tvennu að þú hreyfir þig minna eftir aðgerðina og svo töku verkjalyfja. Það er því mikilvægt að huga að góðum matarvenjum, borða trefjaríka fæðu, ávexti og grænmeti og drekka vel af vatni yfir daginn. Einnig er mikilvægt að stunda einhverja hreyfingu svo sem stuttar gönguferðir. Stundum getur reynst nauðsynlegt að taka inn hægðamýkjandi lausn (sorbitól/paraffín) eftir aðgerð.

Eftirskoðun

Eftirskoðun fer yfirleitt fram 4 - 6 vikum eftir aðgerð á göngudeild eða á stofu hjá læknum þínum.

Hafðu samband við deildina

- ef þú færð óeðlilegar og kröftugar blæðingar.
- ef þú finnur fyrir auknum eymslum eða verður vör við vessa, roða, bólgu og hita í skurðsárinu.
- ef líkamshiti fer yfir 38°C hita.
- ef þú færð illa lyktandi útferð eða slæma verki í kviðarhol.
- ef þú ert með sviða, verki yfir lífbeini eða tíð þvaglát.